

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 262/2022

2023/EES/31/35

frá 23. september 2022

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/790 frá 19. maí 2022 um leiðréttingu á tilteknum tungumálaútgáfum af reglugerð (ESB) nr. 965/2012 um tæknilegar kröfur og stjórnáslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 66nf (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„– **32022 R 0790**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/790 frá 19. maí 2022 (Stjtið. ESB L 141, 20.5.2022, bls. 13).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2022/790, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. september 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. september 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kristján Andri Stefánsson

formaður

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 141, 20.5.2022, bls. 13.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.